

Nefndasvið Alþingis
Tjarnargötu 9

Reykjavík 30. september 2024

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030, mál 221.


Neytendasamtökin fagna framlagðri þingsályktun um stefnu í neytendamálum. Telja samtökin löngu tímabært að stjórnvöld setji stefnu og aðgerðaráætlun í þessum mikilvæga málaflokki.

Stefnan er metnaðarfull og nær aðgerðaráætlunin yfir marga mikilvægustu þætti málaflokksins. Taka samtökin undir allar þær aðgerður sem eru settar fram og hafa engar athugasemdir við einstaka liði.

Neytendasamtökin telja afar mikilvægt að stefnan raungerist en þá þarf að hafa í huga að margar aðgerðirnar kalla á fjármagn. Því er lykilþáttur að heildarkostnaður við framkvæmd stefnunnar liggi skýrt fyrir. Neytendasamtökin taka undir með leiðbeiningum Stjórnarráðsins "Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð" frá árinu 2013, en þar er lagt fyrir að stefna sé kostnaðarmetin og fjármögnun hennar tryggð áður en hún er formlega samþykkt – enda liggi þá fyrir aðgerðaáætlun sem byggja má slíka umræðu á.

Í ljósi þess hve neytendamálin eru mikilvæg leggja Neytendasamtökin ríka áherslu á að stefnan komi til framkvæmda en minna jafnframt á að án fjármögnunar er hættu á að stefnan verði einungis fögur fyrirheit án aðgerða. Neytendasamtökin lýsa sig reiðubúin til að koma að vinnu við að útfæra einstaka markmið og vonast til að þingsályktunin fái skjóta og góða meðferð á Alþingi.

Fyrir hönd Neytendasamtakanna,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Breki Karlsson'.

Breki Karlsson,
formaður

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Brynhildur P.'.

Brynhildur Pétursdóttir,
framkvæmdastjóri